

og tryllingslegar, ýldi í húskampinum, sleit reykjarflyksurnar úr strompinum í smáagnir, skellti sér svo með tvöföldum hraða ofan í bakgerðið,— og stagið og staurinn og skrautfötin hvíldu á vilpubarminum.

## IV.

Degi er tekið að halla. Sólin hefir fundið ofurlitla rifu á ársalnum til þess að gægjast í gegnum til barnanna sinna. Einn geislinn fór inn í hænsahúsið og féll beint framan í hanann, sem hafði gleymt að draga blikhimnuna fyrir augun, af því að skuggsýnt var, og hann hafði verið að gefa stóru freknóttu hænunni hýrt hornauga. Hún er augasteinninn hans, núna sem stendur, og þar af leiðandi andstyggð allra hinna hænanna. Hann stökk ofan af prikinu sínu, gægðist með öðru auganu út, svo með hinu, stakk síðan nefinu út um gættina, kastaði reigingslega hnakka og vagaði út. Hænurnar koma gaggandi á eftir. Fram á strætinu ágerast hvellirnir og óhljóðin í strákunum. Haninn leggur undir flatt, hlustar með annari hlustinni, svo með hinni, teygir úr hálsinum og stekkur upp á eldiviðarkubb, viðrar þar vængina og réttir aðra löppina aftur með stélinu, og svo galar hann allt hvað af tekur í kapp við strákana, líkt og hann segði: „Hrópið þið og sprengið svo mikið sem þið viljið. Eg viðurkenni engan drottningardag annan, en útungunardag stóru freknóttu hæunnar minnar.“ Og hænurnar vöppuðu í kring, göggjuðu og samkjöftuðu, eins og víða heyrist í bakgerðum og nálægt eldhúsdýrum, þar sem marghýst er.

## V.

Eg sit enn þá undir vesturglugganum. Sólin hefir fundið stærri glugga til að líta niður um, og skín nú um augnablik inn í herbergið í allri sinni dýrð. Eg hefi ekki tekið þátt í gleði þessa dags. Hann á sér engan stað í minni árstíðaskrá. „Eg veit ei af hverskonar völdum, svo viknandi dapur eg er.“— Og þó,— hann minnir mig á annan dag, sem vér samlandar í framandi landi, hér við Babylónar ár, eigum eða gætum átt í *einingu* —en það orð þekkjum vér að eins á prenti. „Austast fyrir öllu landi af einum veit eg stað, — fjalleyju grænni og góðri. Getið